

Gammafundur 25. apríl 2007
Haldinn á Listasafni Íslands.

Gammakonur hittumst á Listasafni Íslands því ætlunin var að skoða sýningu á verkum málaranna Jóhanns Briem og Jóns Engilberts. Við fengum góða leiðsögn um sýningarnar. Eftirfarandi fróðleik er að finna á vef Listasafns Íslands:
Í íslenskri listasögu eru Jóhann Briem og Jón Engilberts ásamt m.a. Snorra Arinbjarnar, Gunnlaugi Scheving og Þorvaldi Skúlasyni fulltrúar þess expressjónisma sem var ríkjandi í evrópskri myndlist á millistríðsárunum. Á fjórða áratugnum má greina glögg skil milli tveggja ólíkra viðhorfa í íslenskri myndlist. Annarsvegar er það landslagsmálverkið, sem þá lifir mikið blómaskeið með þá Ásgrím Jónsson, Jón Stefánsson og Jóhannes Kjarval, og hins vegar sú kynslóð ungra listamanna, m.a. Jóhann Briem og Jón Engilberts, sem komu fram eftir 1930. Í verkum þessara ungu listamanna komu fram róttæk viðhorf, jafnt í vali á myndefni og túlkun. Ný myndefni eins og maðurinn við vinnu sína, götumyndir og nánasta umhverfi listamannsins verður meginviðfangsefnið.
Jón Engilberts naut kennslu norska málarans Axels Revolds. Hjá honum kynntist hann hinum norska expressjónisma sem annars vegar átti rætur að rekja til tilfinningarlegs expressjónisma Edvards Munch og hins vegar, hins formræna og munúðarfulla franska expressjónisma.
Jóhann Briem komst aftur á móti í kynni við hinn þýska expressjónisma á námsárunum í Þýskalandi.
Sýningarstjóri sýninganna er Harpa Þórsdóttir.

Af listasafninu var haldið á veitingahúsið þar sem Gammakonur fengu súpu og brauð og síðan kaffi á eftir.
Ingibjörg setti fundinn og tók nafnakall:
Mættar voru: Anh-dao, Arný, Björg, Bryndís, Eygló, Hertha, Hrefna, Ingibjörg Jónasar, Jóhanna, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Kristín Jónsdóttir skrifstofustjóri, Margrét, Kristrún, Pálína, Ragnhildur, Rannveig Löve, Rannveig Sig., Sigríður, Sigrún Aðalbjarnar eldri, Stefanía og Vilborg. Eftir að laga

Lesin var fundargerð síðasta fundar og síðan flutti Margrét orð til umhugsunar. Henni var tíðrætt um heilsuna og hvernig við getum elft heilsu okkar með hæfilegri hreyfingu. Mikilvægt er að hver um sig velji sér hreyfingu við hæfi og einnig er mikilvægt að iðkandinn hafi ánægju af hreyfingunni.
Stuttlega var rætt um fyrirhugað vorþing í Reykholti en síðan var kominn tími til að halda heim.

Gert 4.júní Björg Eiríksdóttir